# Skilablað – Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

## Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: **„Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“.** Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **„skilagrein“** eða **„skilablað“** til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguhúsnæði (leiguverkefni).

## 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Verkbeiðni barst frá menntamálaráðuneyti, í mars 2008, en þá var búið að segja stofnuninni upp húsnæði sem hún hafði í Tækniskólanum (Sjómannaskólanum). Beiðnin fólst í að finna nýtt húsnæði fyrir stofnunina.

Verkefnastjórar frá Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) voru Jón H. Ásbjörnsson og Bergljót S. Einarsdóttir. Haustið 2008 bættist Róbert Jónsson við verkefnastjórahópinn.

## 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að finna nýtt húsnæði fyrir stofnunina. Verkkaupi var menntamálaráðuneyti.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

## 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0023.

## 4 Framvinda

FSR vann þarfagreiningu fyrir verkefnið. Niðurstaða greiningarinnar var að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 570 $m^2$.

Upp kom hugmynd um að leigja húsnæði við Suðurlandsbraut 12 sem er 643 $m^2$ að stærð.

## 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 598.400 kr.

## 6 Niðurstaða verkefnis

Fjármálaráðuneytið tók húsnæðið við Suðurlandsbraut 12 á leigu frá 1. október 2008 til 31. júlí 2011.

FSR hafði enga aðkomu að gerð leigusamnings.

## 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

## 8 Verklok

Verklok voru 30. september 2008.

## 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri

Róbert Jónsson verkefnastjóri